

**Ed.**

## **295. Tillaga**

til þingsályktunar um sparnað og skipulagsbreytingu við Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. um sparnað og skipulagsbreytingu við Háskóla Íslands:

1. Að rektor háskólans verði ráðinn til 8 ára í senn af kennslumálastjórninni. Að hann hafi rúmgóðan embættisbústað við stúdentagarðinn, sómasamlegt fé til risnu og nauðsynlegs skrifstofuhalds. Honum sé ætluð framkvæmdarstjórn háskólans, en litil eða engin kennsla.
2. Að lögð verði niður allt að því helmingur af hinum föstu kennaraembættum við háskólann, svo og embætti háskólaritara. Í stað þeirra kennara, sem hætta að starfa við háskólann, verði ráðnir aukakennarar við háskólann, og sé þeim goldið fyrir hverja kennslustund tvöfalt kaup stundakennara við hinn almenna menntaskóla.

### **Greinargerð.**

Þegar ég byrjaði að kynna mér ástand háskólans á síðasta kjörtímabili, varð mér ljóst, að hann var jafnilla settur, hvort sem litið var á húsnæði hans eða skipulagið. Háskólinn hafði ekkert hús, og fáum datt í hug, að hann þyrfti húsbætur. Menn skoðuðu það eins og fjarlægán draum, að hann fengi einhverjar byggingar uppi við Skólavörðu, sem strax yrðu þó of litlar og króaðar af inni í bænum.

Í háskólanum var litið félagslíf. Kennararnir sáu nemendur litið eða ekki nema í kennslustundunum. Nemendur sjálfir höfðu enga aðstöðu til samstarfs, engan stað til funda, enga heimavist, ekki mótuneyti, ekki lestrarstofu, og alls engin skilyrði til sameiginlegra iþróttaiðkana.

Sumir af kennurum og nemendum háskólans héldu, að þessi vanrækta stofnun væri heimkynni vísinda. Slíkt er meiri háttar misskilningur. Nýsköpun vísindanna er nú á dögum háð fjármagni og þéttbýli. Afburðagáfur nægja ekki. Þeim verða að fylgja ytri skilyrði, sem fátæk smáþjóð getur ekki veitt. Er engin læging í að viðurkenna það. Í einni grein við háskólann, í móðurmálinu, er hugsanlegt, að um vísindalega starfsemi kynni að vera að ræða, þó að nýjungar í íslenskri málfræði hafi líka sér í lagi verið gerðar af fræðimönnum stóru landanna. En svo mikill misskilningur ríkti um þessa einu grein, sem auðveldast er að stunda hér á landi, að við sjálf lá, að sá kennari, sem þar hafði lengst starfað og getið sér mikinn hróður úti um lönd, hefði fyrir fáeinum árum nálega verið flæmdur úr landi af svokölluðum sparnaðarmönnum, sem jafnhliða þeirri sparsemi voru til með að fjölga tiltölulega þýðingarlausum starfsmönnum við háskólann.

Mér var ljóst, að það þurfti að bæta úr vöntun háskólans bæði hið innra og ytra. Ég sneri mér fyrst að húsleysinu. Lágu frá mér fyrir Alþingi frv. á þrem

þingum, 1930, 1931 og 1932, um landrými og nýbyggingu fyrir háskólann. Á tveim fyrri þingunum dagaði málið uppi. En á Alþingi 1932 komst það í mesta hættu. Meiri hl. menntamálanefndar í efri deild vildi vísa málinu frá með dagskrá, þau Jón Jónsson í Stóradal og Guðrún Lárusdóttir. Minni hl. nefndarinnar, Páll Hermannsson, bjargaði þá háskólamálinu. Hann lagði til, að frv. yrði samþykkt, og það komst að lokum gegnum háðar deildir. Á næsta þingi, 1933, voru svo samþykkt lög um að heimila háskólanum happdrætti í byggingarsjóð. Höfðu þeir Guðjón Samúelsson og Sigurður Nordal beitt sér fyrir þeirri framkvæmdaleið. Alþingi var nú farið að hafa áhuga fyrir byggingarmáli háskólans, og happdrættið var samþykkt.

Ég hafði ekki álitnið heppilegt að hreyfa við innri skipulagsbreytingum háskólans meðan verið var að berjast fyrir byggingarmálum hans. En þegar þeim hafði verið bjargað í höfn, var óviðeigandi að biðja lengur, og það því fremur, sem jafnmikil deyfð er um innra ástand stofnunarinnar eins og áður var um húsnæðismálið. Ég lit þannig á, að nú sé jafnmikil nauðsyn að bæta háskólann inn á við eins og áður var að beitast fyrir að hefja hann úr hinni ytri vanrækslu.

Háskólinn, þrátt fyrir alla vanræksluna, kostar landið um 150 þús. kr. Nemendur eru um 150, og kostar hver nemandi ríkið þá um 1000 kr. árlega.

Nú hagar svo til í landinu, að það er langt frá því, að þjóðina vanti embættismannaefni. Það eru nú í læknadeild fleiri læknaefni en læknisembætti eru í landinu. Á hverjum 5 árum menntar háskólinn nægilega marga lækna til 30--35 ára. Um lögfræðinga og norrænumenn er hið sama að segja. Öll embætti í þeim greinum eru yfirfull, og margir biðja. Af guðfræðingum hefir máske ekki verið of margv. En þó er mikill vafi á, hvort nægileg aðsókn er að kirkjum landsins til að réttlæta óbreytta tölu presta eins og hún er nú. Aðalmei háskólans, að dómi sumra merkustu kennaranna, er einmitt of mikil aðsókn. Þjóðin er þess vegna með ærnum kostnaði að ala upp unga embættismenn, sem hún hefir ekki með að gera og sem margir hverjir eru henni eingöngu til byrði frá því þeir byrja skólagöngu og til dauðadags.

Þjóðinni er nauðsynlegt að hafa háskóla, en ekki fjölmennari heldur en hæfir þörf hennar og stærð krefur. Þessi háskóli er ekki og getur ekki verið annað en embættaskóli fyrir vissa tölu embættismanna og starfsmannaefna. En kennslan í þessum skóla getur ekki fremur verið visindi eða leit nýrra sanninda en kennslan í menntaskólunum eða búnaðarskólunum.

Háskólinn hefir allt þar til í haust kosið sér yfirmann til eins árs í einu. Rektorsstaðan hefir verið nafn, einskonar vegtylla, en eiginlega ekkert hagnýtt starf. Um leið og rektor byrjar að kynnast starfinu er starfstími hans búinn. Rektor í háskólanum hefir ekkert eiginlegt vald, ekki aðstöðu til að kynnast nemendum, og á eftir formi háskólans ekki að gera það. Þeir, sem mótað hafa skipulag háskólans, sniðu það eftir visindastofnunum stórra þjóða, og skildu ekki, að islenzki háskólinn gat aldrei orðið visindastofnun. En hann átti að geta verið kennslustofnun, og einkum uppeldisstofnun. En því gleymdu forráðamennirnir. Nú sem stendur mun vera meira eða minna öflug bindindisstarfsemi í öllum skólum fyrir ungt fólk í landinu -- nema Háskóla Íslands. Kennarar við þessa

stofnun hafa ekki enn fundið hvöt hjá sér til að vinna móti áfengisbölinu í skólanum.

Hér er stefnt að því að háskólinn fái stjórn eins og hver sómasamlegur skóli. Hann á að fá fastan forstöðumann, ráðinn til nokkurra ára í senn, líkt og borgarstjórinn í bæ eða borg. Hann á að hafa heimili við stúdentagarðinn, góð húskynni, fé til risnu. Hann á að umgangast stúdenta og vera raunverulegur húsbóndi í embættismannaskóla Íslands. Hann á að tengja saman þá þræði, sem mismunandi kunnáttumenn í kennaraliðinu vefa hver fyrir sig. Skólastjóri háskólans á að beita sér fyrir hag stofnunarinnar út á við, sameina starf kennaranna og sjá um, að heildarstarf skólans sé viðunanlegt. Þvílíkur rektor myndi hafa auga með ofdrykkjuhættunni. Hann myndi vita, að ungt fólk þarf að stunda íþróttir, og þær fjölbreyttar. Hann myndi vita, að eftirlitslaus heimavist getur eins vel fengið einkenni sjóbúðar eins og visindastofnunar. Nú hefir háskólinn ritara, með sérstakri íbúð og sérstökum launum. Slikt embætti er gersamlega óþarft, ef háskólinn hefir skólastjóra.

Þá er komið að sjálfum prófessorunum og dócentunum. Tala þeirra hefir verið ákveðin með það fyrir augum, að hér væri að ræða um visinda- en ekki kennslustofnun. En á hinn bóginn er vitanlegt, að margir af kennurum háskólans hafa næsta lítið að gera. Um einn af þekktustu kennurum háskólans er kunnugt, að hann gat tekið að sér fjölmörg aukastörf með embættinu. Hann var í einu kennari í lagadeild með fullum launum, skattstjóri í Rvík og í niðurfjöfnunarnefnd, dómari í hæstarétti, ráðunautur ríkisstjórnarinnar um lagasetningu, lögráðunautur fyrirtækja, rithöfundur, alþingismaður o. fl. o. fl. Af þessari upptalningu er sýnilegt, að þessi maður hefir ekki þurft nema lítið af orku sinni við kennslustarf háskólans.

Um marga og raunar flesta af kennurum háskólans er það að segja, að þeir hafa sama undirbúning, og sumir tæplega það, eins og kennarar við menntaskólana. Um tvo hina nýjustu kennara háskólans, sem stofnunin hefir valið sér sjálf, er það að segja, að annar þeirra er barnungur, hefir aldrei gert neitt annað en sitja á skólabekk, og aldrei unnið að nokkru verki eins og fullorðinn maður. Sá næstsiðasti, sem háskólinn valdi sér, hafði að visu náð menntaskólaþrófi endur fyrir löngu, en ekki háskólaþrófi, þrátt fyrir langa baráttu. Hann hafði aldrei skrifað neitt nema fácinar hversdagslegar tímaritsgreinar. Hann hafði átt að gera samkeppnisritgerð, vegna embættisins, en skilað henni hálfgerðri til dómnefndar, sem í voru 5 af hinum lærðustu kennurum í stofnuninni. Hann hafði enn fremur átt að gera fyrirlestur „visindalegs“ efnis. Þá hélt hann ádeiluræðu um biskup, sem legið hefir 7 aldir í gróf sinni, með þeim æsingi og röksemdaleysi, sem hefði sómt sér vel á borgarafundi í barnaskólaportinu. Þennan keppanda settu 5 af þekktustu mönnum háskólans inn í annað af þeim tveim embættum við stofnunina, þar sem ætti að vera hægt að gera eitthvað, sem nálgæðist nýsköpun í visindalegum skilningi.

Samkvæmt þessari tillögu er lagt til að fækka þessháttar kennurum um helming og taka í þeirra stað, eftir því sem skólinn þarf með, tímakennara, en greiða þeim helmingi herra tímakaup heldur en jafnvel menntuðum mönn-

um er nú galdið við aðra skóla í bænum. En samt yrði mikill sparnaður fyrir ríkið að þessari breytingu.

Ríkið á að nota sér það, að í höfuðstaðnum eru fjölmargir háskólagengnir menn, sem sinna öðrum störfum en kennslu, en myndu fúslega bæta á sig 2—3 tímum á viku við háskólann fyrir sanngjarna þóknun. Í bænum er um að velja mikið af mönnum, sem eru eins vel eða betur að sér í lögfræði, guðfræði, málfræði og heimspeki eins og sumir þeir, sem nú starfa að þessari kennslu við háskólann með lítilli vinnu en lífstíðarlaunum.

Þar sem háskólanum hefir tekizt að koma sér upp svo fjölmennri kennsluveit, meðan hann var gersamlega húsvilltur, þá má nærri geta, hvort ekki koma nýjar kröfur um fleiri prófessora og dócenta þegar fram úr raknar með húsnæðismál stofnunarinnar. Það hvílir þess vegna nokkur ábyrgð gagnvart þjóðinni í heild á þeim mönnum, sem hafa beitt sér fyrir, að bætt yrði úr húsleysi háskólans, að benda jafnframt á leiðir til þess, að stofnunin vaxi ekki úr hófi fram, og að hún verði í samræmi við þarfir þjóðarinnar.

Ég lít þannig á, að á næstu árum hljóti ill nauðsyn að knýja þjóðina til að fækka til stórra muna embættismönnum sínum í nálega öllum starfsgreinum, en um leið bæta kjör þeirra og krefjast af þeim meiri vinnu. Það má að nokkru marka viðhorf Alþingis til þessarar óhjákvæmilegu baráttu um starfsmannafjöldann af þeim viðtökum, sem þessi tillaga fær. Alþingi er búið að stíga stór og giftusamleg spor til að gera háskólann að nýtilegum starfsmannaskóla, að því er ytri aðbúð snertir. Næsta stigið er að fækka nemendum, svo að tala þeirra miðist við þörf þjóðfélagsins, en ekki atvinnuþörf nemenda. Þriðja skrefið er að fækka hinum fastlaunuðu kennurum til stórra muna, en fylla skörð þeirra með áhugamönnum, sem vinna að kennslunni í hjáverkum með öðrum störfum fyrir sómasamlegt tímakaup. Loks eru eftir þau tvö verkefni, sem hér hefir verið dregið á: Að skapa skólanum fasta yfirstjórn, með mannþætandi heimilislífi, og að fá starfsmenn háskólans og alþjóð manna á Íslandi til að skilja, að sagan um möguleikana til vísindalegrar nýsköpunar fyrir iðjulitla islenzka háskólakennara á fullum launum er jafnhaldlítill í raun og veru eins og æfintýrið um nýju fötin keisarans.